



Umsögn Málvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun

Almenn athugasemd

Ástæða er til að fagna því að Alþingi vilji „efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskrar menningu“, eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu. Margt mælir með nánara samstarfi þeirra stofnana sem gert er ráð fyrir að sameinist undir hatti hinnar nýju Árnastofnunar.

Óskandi er að starfið eflist en ekki verði eingöngu lagt upp úr „hagræði“. Miklu varðar að nægt fé sé tryggt til rekstrar stofnunar sem gegna á jafnmikilvægu hlutverki og Stofnun íslenskra fræða á að gegna. Það vekur því athygli að ekki er tryggð fjárveiting vegna kostnaðar sem fylgja kann sameiningunni eða ráðningu nýs forstöðumanns. Í umsögn fjármálaráðuneytis segir að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru geti leitt til „biðlauna og annars tímabundins kostnaðar að hámarki 30 m.kr.“ og verði því mætt með því að „ráða ekki í laus störf“ og kostnaði vegna nýs forstöðumanns verði mætt með sparnaði vegna einfaldara stjórnunarkerfis og að „gengið verði á jákvæðan höfuðstól“. Svo virðist sem breytingarnar geti í raun þrengt að starfsemi, a.m.k. tímabundið. Spyrja má hvort þetta telst rausnarlegur heimanundur nýrrar stofnunar sem ætlað er að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða.

Hins vegar ber að sjálfsögðu að fagna því frumvarpi forsætisráðherra sem gerir ráð fyrir 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir stofnunina og minnst er á í athugasemdum við frumvarpið. Frumfarsenda fyrir eflingu stofnunarinnar hlýtur þó að vera að fjármagni sé veitt til starfseminnar, þannig að ekki þurfi að fækka þeim starfsmönnum sem framfylgja eiga eflingunni sem stefnt er að.

Athugasemdir við einstaka þætti

Samstarf og tengsl við Háskóla Íslands, séð frá sjónarhóli Málvísindastofnunar

Í c.-lið 3. greinar frumvarps um Stofnun íslenskra fræða segir að stofnunin eigi að „stuðla að aukinni þekkingu á íslenskrar tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli“. Hér þarf að huga að því að sá fræðilegi grundvöllur sem talað er um hlýtur að krefjast rannsókna á íslensku máli. Ekki má síst gera ráð fyrir að ráðgjöf stofnunarinnar þurfi að byggjast á félagsmálfræðilegum grunni og haldgóðum upplýsingum um daglega

málnotkun og þróun tungunnar. Hins vegar kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu hvort gert er ráð fyrir að stofnunin annast slíkar rannsóknir. Í b.-lið 3. gr., þar sem talað er um rannsóknir sem stofnunin eigi að annast er reyndar minnst á eftirtaldar undirgreinar málvísinda: orðfræði, nafnfræði og verkefni á sviði tungutækni. Spyrja má hvort ástæða sé til að skilgreina betur þá þætti málvísinda sem stofnunin skuli leggja áherslu á. Er gert ráð fyrir að Stofnun íslenskra fræða leggi stund á aðrar greinar málvísinda en þær sem nefndar eru, að svo miklu leyti sem þær tengjast öðrum þáttum starfseminnar? Hér kæmi e.t.v. til greina að nefna málsögu, félagsmálvísindi og rannsóknir á breytileika nútímamáls sem hluta af verkefnum Stofnunar íslenskra fræða. Ef það er ekki gert má gera ráð fyrir að hugað verði að þessum þáttum með samningum samkvæmt ákvæðum 6. greinar laganna, þar sem rætt er um starfstengsl við Háskóla Íslands. Þá væri eðlilegt að samið yrði við Málvísindastofnun um að sinna tilteknum þáttum rannsókna sem nýtast í ráðgjafarstarfi Stofnunar íslenskra fræða. Málvísindastofnun starfar innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og félagar í stofnuninni eru allir fastir kennarar í íslenskri málfræði, almennum málvísindum og táknmálsfræði við Hugvísindadeild Háskóla Íslands, starfsfólk, sérfræðingar, styrkþegar stofnunarinnar og framhaldsnemar í íslenskri málfræði og málvísindum. Hlutverk Málvísindastofnunar er m.a. að annast rannsóknir á íslenskri málfræði og málvísindum og undirgreinum þeirra.

Rannsóknarstörf tengd nöfnum fyrri fræðimanna

Í 7. gr. er kveðið svo á að við Stofnun íslenskra fræða skuli vera sérstök rannsóknarstörf, annað sem tengist „nafni og fræðilegri arfleifð Árna Magnússonar en hitt með sama hætti tengt nafni og fræðilegri arfleifð Sigurðar Nordals“. Í athugasemdum um 7. gr. er talað um að litið verði til þess við fjárlagagerð fyrir árið 2007 „að skapa stofnuninni svigrúm til að ráða í þessi störf sérstaklega“. Í umsögn fjármálaráðuneytis segir hins vegar að tillagan hafi „fyrst og fremst táknrænt gildi“.

Hér vekur athygli að þau nöfn fræðimanna sem hér um ræðir hafa verið notuð í nöfnum tveggja stofnana sem sameinast eiga í Stofnun íslenskra fræða, þ.e. Stofnun Árna Magnússonar og stofnun Sigurðar Nordals. Hins vegar er hér ekki gert ráð fyrir sérstöku starfi sem tengist starfi annarra stofnana, t.d. arfleifð Orðabókar Háskólans, sem á að baki ekki síður glæsilega sögu en hinar stofnanirnar og þar sem merkir fræðimenn hafa starfað. Spyrja má hvort ekki væri við hæfi að bæta við í þessari grein heimild fyrir sérstöku rannsóknarstarfi á sviði málfræði. Gera má ráð fyrir að slíkt rannsóknarstarf myndi hjálpa til við að skýra tilgang stofnunarinnar og tryggja að rannsóknum á íslenskri tungu (ekki síður en bókmenntum og textafræði) verði sinnt með myndarlegum hætti hjá Stofnun íslenskra fræða.

Samþykkt á starfsmannafundi 10. janúar 2006.

F.h. Málvísindastofnunar,

Sigríður Sigurjónsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir, núverandi forstöðumaður, og
Kristján Árnason, forstöðumaður til 10. janúar 2006.